

15. MAÍ
2025

HARPA
ELDBORG



Brahms og Tsjaikovskíj

GUL TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

ODTAA: 8'

Fiðlukonsert: 37'

Sinfónía: 42'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Brahms og Tsjajkovskíj

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 15. MAÍ KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Andrew Manze

hljómsveitarstjóri

Dmytro Udovychenko

einleikari

Doreen Carwithen

ODTAA (1946)

Pjotr Tsjajkovskíj

Fiðlukonsert í D-dúr, op. 35 (1878)

Allegro moderato

Canzonetta: Andante

Finale: Allegro vivacissimo

Hlé

Johannes Brahms

Sinfónía nr. 4 í e-moll op. 98 (1884–85)

Allegro non troppo

Andante moderato

Allegro giocoso

Allegro energico e passionato

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Andrew Manze

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Englendingurinn Andrew Manze er einn af helstu hljómsveitarstjórum sinnar kynslóðar, annálaður fyrir smitandi orku á stjórnandapallinum og yfirgripsmikla þekkingu sína á tónbókmenntunum. Hann var aðalhljómsveitarstjóri NDR útvarpshljómsveitarinnar í Hannover á árunum 2014–23 og stýrði þar áður Sinfóníuhljómsveit Helsingjaborgar í tæpan áratug. Hann er nú aðalgestastjórnandi Konunglegu fílharmóníusveitarinnar í Liverpool en hefur auk þess starfað með ýmsum helstu hljómsveitum austan hafs og vestan, svo sem Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín, Fílharmóníusveit Münchenar, Konunglegu fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi, Finnsku útvarpshljómsveitinni, Fílharmóníusveit Óslóar, Concertgebouw-hljómsveitinni, sinfóníuhljómsveitunum í Boston og Montréal og Fílharmóníusveitinni í Los Angeles. Í sumar mun hann stjórna tvennum tónleikum með verkum eftir Mozart á tónlistarhátíðinni í Salzburg.

Eftir nám í klassískum fræðum við Cambridge-háskóla snéri Manze sér að fiðluleik og varð á skömmum tíma leiðandi á sviði upprunaflutnings tónlistar, meðal annars sem listrænn stjórnandi The English Concert á árunum 2003–2007. Hann hefur unnið að nýjum útgáfum verka eftir Bach og Mozart fyrir forlögin Bärenreiter og Breitkopf & Härtel auk þess sem hann heldur fyrirlestra víða og og kemur reglulega fram í útvarpi og sjónvarpi. Manze sótti Ísland fyrst heim árið 1998 og lék þá á Sumartónleikum í Skálholtskirkju. Hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrst haustið 2013, sneri aftur í maí 2024 og kemur nú fram með hljómsveitinni í þriðja sinn.



Dmytro Udovychenko

EINLEIKARI

Dmytro Udovychenko sigraði í fyrravor í hinni virtu einleikarakeppni í Brussel sem kennd er við Elísabetu Belgiudrottningu. Sá sigur kom í kjölfar fleiri slíkra, svo sem í fiðlukeppnunum í Montréal, Odesa og Singapore, og tók af öll tvímæli um að Úkraínumaðurinn ungi er meðal færustu fiðluleikara sem nú eru að koma fram. Sigrinum í Brussel fylgdu afnot til fjögurra ára af Stradivarius-fiðlunni „Huggins“ sem smíðuð var árið 1708 og er í eigu Nippon-tónlistarsjóðsins japanska. Udovychenko leikur einnig á hljóðfæri sem smíðað var árið 1769 af Giovanni Battista Guadagnini („Ex-Kingman“) og hann hefur að láni frá Deutsche Stiftung Musikleben í Hamborg.

Udovychenko fæddist árið 1999 í Kharkív. Foreldrar hans eru bæði víóluleikarar og Dmytro fór snemma að handleika fiðlu og boga. Hann stundaði formlegt nám í heimaborg sinni frá sex ára aldri en hélt árið 2016 til náms við listaháskólann í Essen í Þýskalandi þar sem hann lærði hjá Boris Garlitsky og lauk bakkalárprófi. Árið 2022 fékk hann inngöngu í Kronberg-akademíuna í nágrenni Frankfurt þar sem hann hefur notið leiðsagnar Christians Tetzlaff.

Í sumar kemur Udovychenko fram á Menuhin-hátíðinni í Gstaad í Sviss og hann spilar einnig á opnunartónleikum kammermúsíkhátíðarinnar Copenhagen Summer Festival.



Doreen Carwithen

ODTAA

Enska tónskáldið Doreen Carwithen (1922–2003) er ein þeirra huldukvenna tónlistarsögunnar sem aukinn gaumur hefur verið gefinn á undanförunum árum. Hún er ekki síst merk fyrir það að hafa haslað sér völl sem kvikmyndatónskáld, ein sú fyrsta meðal kvenna. Hún var dóttir bókara og ólst upp í litlu þorpi í Buckinghamshire en móðir hennar var vel menntaður píanóleikari sem lagði mikla áherslu á tónlistaruppeldi dætra sinna tveggja. Doreen fékk snemma tilsögn í píanó- og fiðluleik hjá móður sinni og sótti einnig sellótíma. Hún fékk inngöngu í Royal Academy of Music í Lundúnum árið 1941 og lagði þar stund á sellóleik, píanóleik og tónsmíðar. Tónsmíðakennari hennar var tónskáldið William Alwyn sem hún tók upp ástarsamband við og átti síðar eftir að giftast.

Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveitin hefur einu sinni áður flutt verk eftir Doreen Carwithen. Það var forleikurinn Bishop Rock sem hljómaði á tónleikum sveitarinnar í október 2021 undir stjórn Ryans Bancroft.

Fyrstu verk Carwithen að námi loknu voru kammerverk sem var ágætlega tekið en segja má að hún hafi geyst fram á sjónarsviðið með sínu fyrsta hljómsveitarverki, **ODTAA**. Titillinn vísar til samnefndrar skáldsögu og stendur fyrir orðin *One Damned Thing After Another*. Sagan er hluti þríleiks eftir John Masefield sem út kom á árunum 1924–34 og fjallar um ævintýrlega atburði í ímynduðu ríki í Suður-Ameríku. Carwithen sagði að hún hefði gert sér far um að fanga „litríka spennu og rómantískan ævintýrabrag“ bókarinnar, en raunar tekur tónverkið sögunni fram að þessu leyti. Það er gleðisprenghja, fullt af krafti og glæsilega skrifað fyrir hljómsveitina. Carwithen sendi verkið til Fílharmóníusveitar Lundúna sem frumflutti það í janúar 1947. Tveimur mánuðum síðar hljómaði það aftur, í þetta sinn í beinni útsendingu á vegum BBC og hlaut afbragðs viðtökur hlustenda. Um svipað leyti komst Carwithen á námssamning hjá kvikmyndaframleiðandanum Rank og ekki leið á löngu þar til hún var farin að semja tónlist við heimildarmyndir og stuttmyndir, síðar einnig myndir í fullri lengd. Ferill Carwithen fékk snöggan endi, því eftir að hún hóf sambúð með Alwyn árið 1961 lagði hún eigin tónsmíðar á hilluna og helgaði sig höfundarverki hans.



Pjotr Tsjaikovskíj

FIDLUKONSERT

Fíðlukonsertinn op. 35 eftir Pjotr Tsjaikovskíj (1840–1893), sá eini frá hans hendi, varð til á undraskömmum tíma vorið 1878. Tsjaikovskíj dvaldist þá sér til hressingar við Genfarvatnið í Sviss. Hann hafði stuttu áður lokið tveimur stórvirkjum, óperunni *Évgéní Ónegín* og sinni fjórðu sínfóníu en átti einnig að baki örskammt hjónaband sem hafði skeikið tilveru hans. Sumarið áður hafði hann gengið að eiga fyrrum nemanda sinn, Antonínu Míljúkovu, líklega af hagkvæmnisástæðum og til að breiða yfir samkynhneigð sína. Hann komst þó fljótt að því að sér væri ógerlegt að lifa í slíku hjónabandi og sleit sambúðinni eftir fáeinar vikur.

Tónlistin og

Sínfóníuhljómsveit Íslands

Argentínski fíðluleikarinn Ricardo Odnoposoff frumflutti fíðlukonsert Tsjaikovskíjs á Íslandi í Háskólabíói í nóvember 1963. Síðan hefur SÍ flutt konsertinn 20 sinnum og meðal einleikara hafa verið Kyung-Wha Chung og Itzhak Perlman (bæði árið 1970), Boris Belkin (1977), Víktor Tretjakov (1991), Jennifer Koh (1993), Sigrún Eðvaldsdóttir (1994, 1997 og 2017), Elfa Rún Kristinsdóttir (2003), Vadim Repin (2008), Sólveig Steinþórsdóttir (2013), Páll Palomares (2016) og Sayaka Shoji (2018).

Þarna við Genfarvatnið naut Tsjaikovskíj félagsskapar annars fyrrum nemanda, fíðluleikarans Josífs Kotek, og það var meðal annars fyrir hvatningu hans að fíðlukonsertinn varð til. Tsjaikovskíj leitaði ráða hjá Kotek um ýmislegt er varðaði einleikshlutverkið og verkið tók á sig mynd á einungis tíu dögum. Eftir það gerði Tsjaikovskíj reyndar eina veigamikla breytingu á konsertinum: Hann kastaði hæga miðjukaflanum, að ráði Koteks, og samdi nýjan sem minnir ekki lítið á tregafullt tónmálið í *Évgéní Ónegín*. Kaflinn ber einmitt yfirskriftina *Canzonetta* og er eins konar söngur án orða. Honum lýkur með því að hljómsveitin fetar sig upp gegnum hljómaskipti og beint yfir í lokakaflann. Þar verða snögg umskipti þegar hljómsveitin kynnir kraftmikinn stefjabút og kastar til einleikarans sem grípur og hefur fyrr en varir magnað upp rytmískan hvirfilvind sem minnir á eldfjörunan dans. Fjórið er brotið upp við og við og stök blásturshljóðfæri syngjast á við einleiksfiðluna, en ekki líður á löngu þar til fiðlarinn grípur aftur dansstefið og geysist með það gegnum ýmis konar úrvinnslu allt til æsispennandi loka. Í upphafspættinum, sem er lengstur, teflir Tsjaikovskíj saman þeim lýrsku eigindum sem svo mjög einkenna miðkaflann og loftfímleikum í anda lokapáttar en öllu er því haldið saman með mergjaðri hljómsveitarútsetningu þar sem sífellt ný blæbrigði koma fyrir eyru.



Tónlistin og

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur flutt fjórðu sinfóníu Brahms yfir 20 sinnum, fyrst í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Olavs Kielland árið 1951.

Kielland stýrði henni fjórum sinnum með hljómsveitinni, en meðal annarra stjórnenda eru Vladimir Ashkenazy (1978 og aftur 2017), Jukka-Pekka Saraste (1986), Rumon Gamba (2006), Ilan Volkov (2011) og Antonio Mendéz (2019).

Johannes Brahms

SINFÓNÍA NR. 4

Johannes Brahms (1833–1897) var maður tveggja tíma. Hann var gagnkunnugur þróun sinfónískrar tónlistar og taldi mikilvægt að byggja á þeim grunni sem lagður hafði verið af meisturum 17. og 18. aldar. Um leið sýndi hann í verkum sínum hvernig sinfóníuformið gat rúmað framsæknar hugmyndir um tónmál og úrvinnslu þess og sinfóníur hans — ef til vill ekki síst sú fjórða og síðasta — vísa að því leyti fram til síðrómantískra sinfónía Bruckners og Mahlers. Hin þaulhugaða og þetta stefjameðferð Brahms þótti ýmsum hörð undir tönn og fjórðu sinfóníunni var mætt af nokkru fálæti í byrjun. Jafnvel vinir tónskáldsins áttu erfitt með að átta sig á verkinu og lét píanóleikarinn Elisabeth von Herzogenberg til dæmis svo um mælt að það væri „kimi fyrir þá gáfuðu og innvígðu sem hinir óupplýstu gætu aðeins átt takmarkaða hlutdeild í“. En tíminn vann með sinfóníunni og Brahms átti því láni að fagna skömmu fyrir dauða sinn að heyra henni fagnað refjalaust af áheyrendum á tónleikum í Vínarborg. Nú á dögum telst hún til hátinda sinfóníubókmenntanna.

Sinfónían hefst mjög blátt áfram á því að fiðlurnar leika stef sem er gert úr sjö fallandi þríundum — og þríundin er raunar grundvallar byggingareining allrar sinfóníunnar. Fyrsti þátturinn kallast vera í sönötuformi sem í hefðbundnum sinfóníum fylgir yfirleitt reglum um kynningu tveggja stefja, úrvinnslukafla og ítrekun. Vissulega teflir Brahms fram tveimur stefjum hér (seinna stefið er fyrst kynnt í sellóunum) en segja má að úrvinnsla þeirra eigi sér stað gegnum allan þáttinn í stað þess að vera strangt bundin við sérstakan úrvinnslukafla. Á áhrifamiklum stöðum stöðvast þó þetta skapandi færiband vinnslunnar um stund og tónskáldið leyfir upphöfnum augnablikum að svífa í eins konar tímaleysi. Hægi þátturinn, sem á eftir fylgir, býr í þessari rómantísku, upphöfnu vídd. Hann hefst, eins og sá fyrsti, á leik með þríundir, nú í kringum grunntóninn E — hornin byrja en síðan slást fleiri blásturshljóðfæri í hópinn og smám saman öll hljómsveitin. Sellóin kynna nýtt stef, en áður en langt um

líður hljómar upphafsstefið aftur; tónlistinni vindur fram í tjáningarríkri meðferð þessa stefjaefnis og hún fjarar næstum út í ekki neitt áður en þriundarstefið hljómar aftur ákveðið í hornunum og þættinum lýkur.

Í þriðja þætti er allt annað uppi á teningnum. Þar er á ferð hressilegt scherzo í tvískiptum takti og það hefur nútímalegt yfirbragð að því leyti að hér er línulegt ferli ekki það sem mest er lagt upp úr, heldur er ólíkum elementum stefnt saman á stórskorinn hátt. Allt myndar þetta þó skýra heild, ekki ólíkt því sem við sjáum í kúbískri myndlist, og þarna gefur Brahms ádrátt um sumt sem síðar átti eftir að einkenna verk tónskálda eins og Bartóks og Stravinskíjs. Lokabátturinn er aftur á móti til vitnis um áhuga Brahms á fyrirrennurum sínum. Hann hefst á röð átta hljóma sem fengnir eru úr 150. kantötu Johannis Sebastians Bach, *Nach dir, Herr, verlangte mich*. Brahms var gjörkunnugur kantötunni og hafði áður velt fyrir sér þeim möguleika að semja verk byggt á henni. Hér lætur hann verða af því og byggir volduga sjakonnu yfir hljómana. Sjakonna (fr. *chaconne*) er form tilbrigða yfir endurtekna bassalínu sem mjög var tíðkað á barokktímanum. Hjá Brahms verða tilbrigðin við hljómaröðina alls þrjátíu og segja má að þar renni barokklistin saman við sönötuform 19. aldarinnar með ómótstæðilegum hætti. Hljómarnir átta, stundum tónfluttir, mynda grundvöll allra tilbrigðanna og hvert tilbrigði nær yfir átta takta. Yfir þennan stranga grunn vefur Brahms sérlega þetta og fjölbreytta tónlist og er útkoman engu lík.

Svanhildur Óskarsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Pálína Árnadóttir
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Laura Liu
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Joanna Bauer
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton

2. fiðla

Anton Miller
Justyna Bidler
Margrét Þorsteinsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Ólóf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Guðnadóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Hekla Finnsdóttir

Víola

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Sarah Buckley
Guðbjartur Hákonarson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Urh Mrak
Bryndís Halla Gylfadóttir
Guðný Jónasdóttir
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Jacek Karwan

Flauta

Emilía Rós Sigfúsdóttir
Caterina Compagno

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

Klarínett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Joachim Pfannschmidt
Joseph Ognibene
Caroline Messner
Emil Friðfinnsson

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Frank Aarnink

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördis Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni

22.05 FIMMTUDAGUR
Kl. 20:00

23.05 FÖSTUDAGUR
Kl. 20:00



KK og Sinfó

Kristján Kristjánsson, er fyrir löngu orðinn einn af ástsælustu tónlistarmönnum þjóðarinnar en einlægni, húmor og hlýja einkenna tónlist hans. Það má segja að KK hafi komið eins og stormsveipur inn í íslenskt tónlistarlíf með plötunni Bein leið, sem kom út árið 1992 og innihélt m.a. löginn Vegbúann og Þjóðveg 66, lög sem enn eru þjóðarsálinni afar kær. Hljómplötur KK eru nú orðnar rúmlega 20 talsins; ýmist sólóplötur eða með KK bandinu en einnig í samstarfi við annað tónlistarfólk.

Á þessum tónleikum flytja KK og Sinfó mörg þekktustu laga hans í nýjum hljómsveitarútsetningum undir styrkri stjórn hljómsveitarstjórans Anthony Weeden. Sérstakir gestir á tónleikunum eru Ellen Kristjánsdóttir, Mugison, Jón Jónsson og Kammerkórinn Aurora. Lög KK spanna hans langa og farsæla feril og má þar nefna Álfablokkina, Grandhotel, Englar himins grétu í dag, Hafðu engar áhyggjur og I think of angels.

Ekki missa af einstökum tónleikum með einstökum tónlistarmanni og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

30.05 FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30



Britten, Saariaho og Sibelius

Hin sænska Ava Bahari leikur hér Fiðlukonsert Benjamins Britten sem er sívinsælt meistaraverk, uppfyllt af tilfinningaþrunginni dramatík og leikandi lagrænu. Bahari lauk námi frá Hanns Eisler tónlistarháskólanum í Berlín á síðasta ári og hefur síðan þá leikið einleik með virtum hljómsveitum víða um heim. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga og er á yfirstandandi starfsári staðarlistamaður Gautaborgarsinfóníunnar.

Tónleikarnir hefjast á öðru verki eftir Britten, Fjórum sjávarmyndum, sem upphaflega voru leiknar milli atriða á óperu Brittens, Peter Grimes. Myndirnar leiða áheyrendur um staði og tíma í framvindu óperunnar, jafnframt því að endurspegla tilfinningalega óreiðu söguhetjunnar.

Lumière et Pesanteur eftir Kaiju Saariaho er djúphugult og leiðslukennt verk sem býr yfir sterkri trúarlegri tengingu. Saariaho var eitt þekktasta samtímatónskáld Finna en hún lést árið 2023. Lokaverkið á efnisskránni er hins vegar hin stórglæsilega þriðja sinfónía Sibeliusar, sem segja má að umfaðmi áheyrendur með sinni þokkafullu og tæru nálgun á hið sinfóníska form. Það er Tabita Berglund, ein af fremstu hljómsveitarstjórum Evrópu af yngri kynslóðinni, sem heldur um tónsprotann á þessum tónleikum.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónlistarveisla með Barböru Hannigan

5. JÚNÍ | KL. 19:30

Á þessum tónleikum býður Barbara Hannigan upp á efnisskrá þar sem gleði og húmor eru við stjórnvölinn. Við heyrum tónlist eftir Aaron Copland, Joseph Haydn, Jacques Offenbach og tónleikunum lýkur á tveimur ómótstæðilegum sönglögum Kurts Weill. Hannigan kom fyrst fram með hljómsveitinni árið 2022 og mun taka við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2026.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS